REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2003, sem birt var í EES-viðbæti 12. febrúar 2004, skal reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003, öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka EES-samningsins og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð Evrópusambandsins er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

2. gr.

Með innleiðingu reglugerðar Evrópusambandsins nr. 223/2003 breytast ákvæði reglugerðar nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar þannig að:

1. Ákvæði 5. gr. um merkingar taka nú, eftir því sem reglugerð (EB) nr. 223/2003 segir nánar fyrir um, til fóðurs, fóðurblöndu og fóðurefna, sbr. og 4. lið B-hluta I. viðauka.
2. Nýr málsliður bætist við lið 4.4 í B-hluta I. viðauka varðandi mælieiningu fóðurhlutfalla.
3. III. viðauki breytist þannig:
   a) Við 2. lið almennu ákvæðanna bætist tilvísun í E-hluta í sérákvæðum þessa viðauka.
   b) Við fyrsta undirlið þriðju undirgreinar 3. liðar almennu ákvæðanna bætist tilvísun í reglugerð (EB) nr. 223/2003.
   c) Við 4. lið almennu ákvæðanna bætist tilvísun í E-hluta í sérákvæðum þessa viðauka.
   d) Við annan undirlið 6. liðar almennu ákvæðanna bætist ákvæði um samsetningu fóðurblöndu.
   e) Við b-lið 7. liðar almennu ákvæðanna bætast tilvísanir í samsetningu fóðurblöndu og í reglugerð (EB) nr. 223/2003.
   f) Við fyrirsögn C-hluta sérákvæðanna bætist tilvísun í fóður, fóðurblöndur og fóðurefni.
   g) Við sérákvæði bætist nýr hluti, E-hluti.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og öðlast gildi við birtingu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. maí 2005.

Guðni Ágústsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 223/2003

frá 5. febrúar 2003

um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ([1]), eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 473/2002 ([2]), einkum 3. mgr. 1. gr. *og* öðrum undirlið 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 ber að samþykkja reglugerð um kröfur um merkingu, eftirlit og varúðarráðstafanir vegna fóðurs, fóðurblöndu og fóðurefna, að svo miklu leyti sem þessar kröfur varða lífræna framleiðsluaðferð.

2) Markaðurinn fyrir gæludýrafóður og loðdýrafóður er aðgreindur frá markaðnum fyrir fóður handa búfénaði. Auk þess gilda reglur um merkingar, framleiðslu og skoðun, sem kveðið er á um í 5., 6., 8. og 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ekki um eldisdýr í sjó og vatni eða eldisafurðir. Þar af leiðandi gildir þessi reglugerð einungis um fóður handa lífrænt ræktuðu búfé en ekki um gæludýrafóður, loðdýrafóður og fóður handa eldisdýrum í sjó og vatni.

3) Sérstakar ráðstafanir um merkingar fóðurs handa lífrænt ræktuðu búfé skulu gera framleiðendum kleift að átta sig á því hvaða fóður má nota í samræmi við ákvæðin um lífræna framleiðslu. Upplýsingar um lífræna framleiðslu skulu ekki vera meira áberandi en lýsing eða heiti á fóðrinu, sem um getur í tilskipun ráðsins 79/373/EBE frá 2. apríl 1979 um markaðssetningu blandaðs fóðurs ([3]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/2/EB ([4]), og í tilskipun ráðsins 96/25/EB frá 29. apríl 1996 um dreifingu fóðurefnis, breytingu á tilskipunum 70/524/EBE, 74/63/EBE, 82/471/EBE og 93/74/EBE og niðurfellingu á tilskipun 77/101/EBE ([5]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/46/EB ([6]).

4) Enn fremur ber að tilgreina miðað við þyngd þurrefnis hlutfall lífrænt framleiddra fóðurefna, hlutfall fóðurefna í aðlögun og heildarhlutfall fóðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum til að gera framleiðendum kleift að fara að reglum um dagskammta, sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þar af leiðandi ber einnig að breyta B-hluta I. viðauka við þá reglugerð. Þar af leiðandi ber einnig að breyta B-hluta I. viðauka við þá reglugerð.

5) Nokkur vörumerki á framleiðsluvörum, ætluðum til fóðurs, sem standast ekki kröfur reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, eru með upplýsingum sem rekstraraðilar kunna að skoða sem tilvísun til lífrænnar framleiðslu. Nauðsynlegt er að kveða á um aðlögunartímabil til að gera eigendum þessara vörumerkja kleift að aðlagast nýju reglunum. Þetta aðlögunartímabil skal þó aðeins gilda um vörumerki með framangreindum upplýsingum ef sótt hefur verið um skráningu þess fyrir birtingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1804/1999 frá 19. júlí 1999 um viðbót við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 þannig að hún taki til búfjárframleiðslu ([7]) og ef rekstraraðilinn hefur verið upplýstur með tilhlýðilegum hætti um að ekki sé um lífræna framleiðslu varanna að ræða.

6) Lágmarkskröfur um skoðun og varúðarráðstafanir, sem gilda um einingar sem framleiða fóður, gera það að verkum að nauðsynlegt er að hrinda í framkvæmd sérstökum ráðstöfunum sem fella ber inn í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

7) Sú meginregla að halda öllum búnaði, sem notaður er í einingum sem framleiða lífrænar fóðurblöndur, aðgreindum frá búnaði, sem notaður er í sömu einingu fyrir hefðbundnar fóðurblöndur, telst vera árangursrík leið til að koma í veg fyrir íblöndun vara og efna sem eru ekki leyfileg í lífrænni framleiðslu. Því ber að fella þá meginreglu inn sem ákvæði inn í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Þó er búist við að tafarlaus framkvæmd ákvæðisins hafi mikil efnahagsleg áhrif á fóðurblönduiðnað nokkurra aðildarríkja og þar með á lífrænan búskap. Af þeirri ástæðu og til að

([1]) Stjtíð. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 75, 16.3.2002, bls. 21.
([3]) Stjtíð. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.
([4]) Stjtíð. EB L 63, 6.3.2002, bls. 23.
([5]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.
([6]) Stjtíð. EB L 234, 1.9.2001, bls. 55.
([7]) Stjtíð. EB L 222, 24.8.1999, bls. 1.

gera lífræna framleiðslugeiranum kleift að laga sig að nýjum kröfum um aðgreindar framleiðslulínur skal sá möguleiki vera fyrir hendi að víkja frá þessu ákvæði um fimm ára skeið. Enn fremur ber að endurskoða þetta mál vandlega í náinni framtíð á grundvelli frekari upplýsinga og fenginnar reynslu.

8) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fóður, fóðurblöndur og fóðurefni, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ef á þessum framleiðsluvörum eru, eða ætlunin er að setja á þær, upplýsingar um lífræna framleiðslu.

Reglugerð þessi gildir ekki um gæludýrafóður, loðdýrafóður eða fóður handa eldisdýrum í sjó og vatni.

2. gr.

Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í 4. gr. tilskipunar 2092/91/EB.

Að auki:

1. „fóðurefni úr lífrænni framleiðslu“: fóðurefni sem eru lífrænt ræktuð eða tilreidd úr slíkum efnum,

2. „fóðurefni úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap“: fóðurefni í aðlögun eða tilreidd úr slíkum efnum.

3. gr.

1. Í merkingum, auglýsingum og viðskiptaskjölum er varða framleiðsluvörurnar, sem um getur í 1. gr., er einungis heimilt að vísa til lífrænnar framleiðslu ef:

a) vörurnar eru framleiddar, tilreiddar eða fluttar inn af rekstraraðila sem ber að lúta eftirlitsráðstöfunum sem mælt er fyrir um í 8. og 9. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91,

b) vörurnar og efnin, sem þær eru samsettar úr og öll önnur efni sem notuð eru við tilreiðslu þessara framleiðsluvara, hafa ekki fengið meðhöndlun þar sem jónandi geislun kemur við sögu,

c) skilyrðin, sem um getur í liðum 4.12, 4.13, 4.14, 4.16, 4.17 og 4.18 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91, eru uppfyllt eftir þörfum,

d) fóðurefni úr lífrænni framleiðslu eru ekki sett í framleiðsluvöruna um leið og sams konar fóðurefni, sem framleidd eru með hefðbundnum aðferðum,

e) fóðurefni úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap eru ekki sett í framleiðsluvöruna samtímis sams konar fóðurefnum sem framleidd eru með hefðbundnum aðferðum.

2. Með fyrirvara um 4. og 5. gr. skal eingöngu vísa til lífrænnar framleiðslu, sem um getur í 1. mgr., með eftirfarandi upplýsingum:

a) „lífrænt framleitt“, ef minnst 95% af þurrefni framleiðsluvörunnar er lífrænt framleitt fóðurefni,

b) „heimilt að nota í lífræna framleiðslu í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91“ ef um er að ræða framleiðsluvörur sem samanstanda af mismunandi magni fóðurs úr lífrænni framleiðslu og/eða fóðurefnum úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap og/eða hefðbundnum efnum.

4. gr.

1. Þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 3. gr.:

a) verða að vera aðgreindar frá upplýsingunum sem um getur í 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB,

b) mega ekki vera í lit eða með sniði eða stafagerð sem er meira áberandi en lýsing eða heiti á fóðrinu, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE eða b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 96/25/EB eftir því sem við á,

c) verða að vera með upplýsingum innan sama sjónsviðs sem segja til um, miðað við þyngd þurrefnis:

i) hlutfall fóðurefna úr lífrænni framleiðslu,

ii) hlutfall fóðurefna úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap,

iii) hlutfall fóðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum,

d) verða að hafa meðfylgjandi nafn og/eða kenninúmer skoðunaraðilans eða -yfirvaldsins sem rekstraraðilinn, sem sá um síðustu tilreiðsluna, heyrir undir,

e) verða að hafa skrá yfir heiti fóðurefna úr lífrænni framleiðslu,

f) verða að hafa skrá yfir heiti fóðurefna úr framleiðsluvörum í aðlögun að lífrænum búskap.

2. Upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., má einnig fylgja tilvísun til þeirrar kröfu að nota beri fóður í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um samsetningu dagskammta.

3. Aðildarríkin skulu ákveða hvort krafist skuli nafns og/eða kenninúmers skoðunaraðilans eða -yfirvaldsins sem um getur í d-lið 1. mgr. og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

5. gr.

Einungis er heimilt að nota vörumerki og vörulýsingar með upplýsingum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, ef minnst 95% af þurrefni framleiðsluvörunnar er fóðurefni úr lífrænni framleiðslu.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. er heimilt, til 1. júlí 2006, að nota vörumerki með upplýsingunum, sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91, í merkingum og auglýsingum á framleiðsluvörunum, sem um getur í 1. gr. og uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, ef eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:

a) vörumerkið var skráð fyrir 24. ágúst 1999 og vörumerkið er í samræmi við tilskipun ráðsins 89/104 /EBE ([8]), og

b) á vörumerkinu komi alltaf fram skýrar, áberandi og auðlæsilegar upplýsingar þess efnis að vörurnar hafi ekki verið framleiddar í samræmi við lífræna framleiðsluhætti sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

7. gr.

Ákvæðum B-hluta I. viðauka og ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 6. ágúst 2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 1.

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi málsliður bætist við lið 4.4 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91:

„Þessar tölur skal gefa upp sem hundraðshluta af þurrefni fóðurs sem er framleitt úr landbúnaðarafurðum."

2. Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 2092/91 er breytt sem hér segir:

2.1. Eftirfarandi komi í stað 2. liðar almennu ákvæðanna:

„Ákvæðin, sem um getur í 3. lið, og ákvæði um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka skulu einnig gilda um rekstraraðila sem eru þegar í rekstri á þeim degi sem um getur í 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2491/2001."

2.2. Eftirfarandi komi í stað 4. liðar almennu ákvæðanna:

„Rekstraraðilinn, sem ber ábyrgð, skal tilkynna eftirlitsaðila eða -yfirvaldi í tæka tíð um allar breytingar á lýsingunni eða þeim hagnýtu ráðstöfunum, sem um getur í 3. lið, og á ákvæðum um fyrsta eftirlit í þáttum A, B, C, D og E í sérákvæðum þessa viðauka."

2.3. Eftirfarandi orð bætast við á eftir „11. gr." í fyrsta undirlið þriðju undirgreinar 3. liðar almennu ákvæðanna:

„og/eða reglugerð (EB) nr. 223/2003"

2.4. Eftirfarandi bætist við annan undirlið 6. liðar almennu ákvæðanna:

„og, ef við á, samsetningu fóðurblöndu."

2.5. Eftirfarandi komi í stað b-liðar 7. liðar almennu ákvæðanna:

„heiti afurðarinnar eða lýsing á fóðurblöndunni ásamt tilvísun til lífrænnar framleiðslu í samræmi við ákvæði 5. gr. þessarar reglugerðar eða 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2003, eftir því sem við á."

2.6. Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnar C-hluta almennu ákvæðanna:

„C. Innflutningur plantna, plöntuafurða, búfjár, búfjárafurða og matvæla úr plöntu- og/eða búfjárafurðum, fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna frá þriðju löndum."

2.7. Eftirfarandi E-hluta er bætt við:

„E — EININGAR SEM FRAMLEIÐA DÝRAFÓÐUR, FÓÐURBLÖNDUR OG FÓÐUREFNI

Þessi þáttur gildir um allar einingar, sem koma að tilreiðslu, sem skilgreind er í 3. mgr. 4. gr., á afurðum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr., fyrir eigin reikning eða vegna þriðja aðila.

1. **FYRSTA EFTIRLIT**

Í nákvæmu lýsingunni á einingunni, sem um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skal:

— tilgreina aðstöðu fyrir viðtöku, tilreiðslu og geymslu framleiðsluvara, ætluðum til dýrafóðurs, fyrir og eftir vinnslu þeirra,

— tilgreina aðstöðu fyrir geymslu annarra framleiðsluafurða sem notaðar eru við tilreiðslu fóðurs,

— tilgreina aðstöðu til að geyma framleiðsluvörur til hreinsunar og sótthreinsunar,

— tilgreina, ef nauðsyn krefur, lýsingu á fóðurblöndunni sem rekstraraðilinn hyggst framleiða, í samræmi við a-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 79/373/EBE, og tegundir eða flokk búfjár, sem fóðurblandan er ætluð,

— tilgreina, ef nauðsyn krefur, heiti fóðurefna sem rekstraraðilinn hyggst tilreiða.

Ráðstafanirnar, sem rekstraraðilar gera og um getur í 3. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, skulu fela í sér:

— sér í lagi ábendingu um þær varúðarráðstafanir sem ber að gera til að draga úr hættu á mengun með óleyfilegum efnum eða framleiðsluvörum, hreinsunaraðgerðir sem gripið er til og eftirlit með skilvirkni þeirra,

— tilgreiningu allra þátta í starfseminni sem skipta sköpum við að tryggja ætíð að framleiðsluvörurnar, sem um getur í c-lið 1. mgr. 1. gr. og tilreiddar eru í slíkum einingum, uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 223/2003,

— mótun, framkvæmd, og uppfærslu viðeigandi aðferða og samræmi við þær ef miðað er við meginreglurnar um HACCP-kerfið (áhættugreining á mikilvægum eftirlitsstöðum).

Skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið skal nota þessar aðferðir við almennt mat á þeirri áhættu sem fylgir hverri tilreiðslueiningu og semja skoðunaráætlun. Skoðunaráætlunin skal kveða á um lágmarksfjölda slembisýna miðað við hugsanlega áhættu.

2. **Skriflegt bókhald**

Til að hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit með vinnslunni skal bókhaldið, sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna, taka til upplýsinga um uppruna, eðli og magn fóðurefna, aukefna, sölu og fullunninna vara.

3. **Tilreiðslueiningar**

Við tilreiðslu framleiðsluvara verða rekstraraðilar að sjá til þess:

a) að lífrænt framleiddu fóðri eða fóðri unnu úr því, fóðri í aðlögun eða fóðri unnu úr því og hefðbundnu fóðri sé haldið vel aðgreindu,

b) að öllum búnaði, sem er notaður í einingum sem tilreiða fóðurblöndur sem falla undir þessa reglugerð, sé haldið vel aðgreindum frá búnaði sem er notaður fyrir fóðurblöndur sem falla ekki undir þessa reglugerð.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar getur vinnsla farið fram til 31. desember 2007 þótt sami búnaður sé notaður, að því tilskildu:

— að vinnsla ólíkra vara sé aðskilin í tíma og að viðeigandi hreingerning fari fram undir eftirliti áður en tilreiðsla framleiðsluvara, sem falla undir þessa reglugerð, hefst og er rekstraraðilum skylt að skrá þessar aðgerðir,

— að rekstraraðilar sjái til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir miðað við þá áhættu sem metin er í samræmi við 1. lið og, ef nauðsyn krefur, tryggi að framleiðsluvörur, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, séu ekki markaðssettar með upplýsingum um lífrænan búskap.

Undanþágan, sem kveðið er á um í öðrum undirlið, er með fyrirvara um fyrirframleyfi skoðunaraðila eða -yfirvalds. Slíkt leyfi gæti gilt fyrir eina tilreiðsluaðgerð eða fleiri.

Vinna framkvæmdastjórnarinnar við að athuga ákvæði b-liðar fyrstu undirgreinar hefst fyrir 31. desember 2003. Með tilliti til þeirrar athugunar er heimilt að endurskoða dagsetninguna 31. desember 2007 ef þörf krefur.

4. **Skoðunarheimsóknir**

Auk tilskilinnar árlegrar heimsóknar skal skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið fara í markvissar heimsóknir á grundvelli almenns mats á þeirri hugsanlegu áhættu að ekki sé farið að ákvæðum þessarar reglugerðar. Skoðunaraðilinn eða -yfirvaldið skal huga sérstaklega að þýðingarmiklum eftirlitsþáttum, sem honum er bent á, með það í huga að ganga úr skugga um hvort vöktun og eftirlit sé með eðlilegum hætti. Heimilt er að skoða allt athafnasvæðið, sem rekstraraðilinn notar við starfsemi sína, eins oft og áhættan gefur tilefni til.

5. **Flutningur afurða til annarra framleiðslu- og tilreiðslueininga eða geymslusvæða**

Rekstraraðilar skulu sjá til þess að eftirtalin skilyrði séu uppfyllt:

a) lífrænt framleiddu fóðri eða fóðri unnu úr því, fóðri í aðlögun eða fóðri unnu úr því og hefðbundnu fóðri skal haldið vel aðgreindu í flutningi,

b) heimilt er að nota ökutæki og/eða gáma, sem hafa verið notuð til að flytja framleiðsluvörur sem reglugerð þessi tekur ekki til, til flutninga á framleiðsluafurðum sem reglugerð þessi tekur til ef:

— viðeigandi hreingerning fer fram undir eftirliti áður en tilreiðsla framleiðsluvara, sem falla undir þessa reglugerð, hefst og er rekstraraðilum skylt að skrá þá aðgerð,

— rekstraraðilar sjá til þess að gerðar séu viðeigandi ráðstafanir miðað við þá áhættu sem metin er í samræmi við 1. lið og, ef nauðsyn krefur, tryggja að framleiðsluvörur, sem samrýmast ekki ákvæðum þessarar reglugerðar, séu ekki markaðssettar með upplýsingum um lífrænan búskap,

— skoðunaraðili eða -yfirvald rekstraraðilans hefur fengið vitneskju um flutninginn og samþykkt hann. Slíkt samþykki gæti gilt fyrir einn flutning eða fleiri,

c) fullunnar vörur, sem um getur í þessari reglugerð, skulu fluttar aðgreindar frá öðrum fullunnum vörum, í rúmi eða tíma,

d) í flutningi skal skrá magn framleiðsluvara í upphafi og við hverja afhendingu.

6. **Tekið við afurðum**

Þegar rekstraraðili tekur við framleiðsluvöru, eins og um getur í 1. gr., skal hann athuga hvort pakkningar eða gámur er lokaður, sé þess krafist, og hvort merkingar, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna í þessum viðauka, eru fyrir hendi. Rekstraraðilinn skal bera upplýsingarnar á merkimiðanum, sem um getur í 7. lið almennu ákvæðanna, saman við upplýsingarnar í fylgiskjölunum. Geta skal skýrt um niðurstöður þessarar sannprófunar í bókhaldinu sem um getur í 6. lið almennu ákvæðanna."

Nr. 572 6. júní 2005

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Tjarnarás í Stykkishólmi.

Deiliskipulag leikskóla við Búðanesveg og fjögurra parhúsa við Tjarnarás.

Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkti bæjarstjórn Stykkishólms, þann 26. maí 2005 deiliskipulag 4 deilda leikskóla við Búðanesveg og fjögurra einnar hæðar parhúsa við Tjarnarás í Stykkishólmi.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 6. júní 2005.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 573 30. maí 2005

REGLUR

um inntökuskilyrði í Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Stúdentar sem hefja nám til fyrstu háskólagráðu í Háskóla Íslands skulu hafa lokið stúdentsprófi, eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Almennt er áskilið að stúdentspróf sé af bóknámsbraut, en deildir geta með samþykki háskólaráðs ákveðið að falla frá því skilyrði, svo sem nánar greinir í 3. – 13. gr. reglna þessara.

Um undanþágur frá skilyrðinu um stúdentspróf fer samkvæmt ákvæðum sameiginlegra reglna Háskólans og nánari ákvörðunum háskólaráðs.

Um inntökuskilyrði í nám á meistara- og doktorsstigi gilda sérreglur deilda, sem háskólaráð hefur sett og birtar eru í kennsluskrá og á vefsetrum deilda.

2. gr.

Upplýsingar um inntökuskilyrði.

Upplýsingum um inntökuskilyrði deildar skal komið á framfæri í kennsluskrá, á vefsetri háskólans og í kynningarefni til nýrra stúdenta. Skal skýrt tekið fram að inntökuskilyrði geti verið mismunandi milli deilda og námsgreina, þannig að skráning í eina deild eða námsgrein veiti ekki sjálfkrafa rétt til skráningar í aðra.